

Nefndasvið Alþingis

Efni: Athugasemdir Landspítala við frumvarp til breytingar á Upplýsingalögum, nr. 140/2012 (um kaup vöru og þjónustu), 272. mál.

Að ósk Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis hefur Landspítali verið beðinn um að gefa álit á ofangreindu frumvarpi.

Í Upplýsingalögum nr. 140/2012, er að finna ítarlegar reglur sem varða heimild almennings til að leita eftir gögnum og upplýsingum hjá opinberum aðilum um tiltekin mál, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá viðkomandi aðila. Í lögnum er lagt út af hárfínu jafnræði sem ríkir milli réttar almennings til að fá tiltekna upplýsingar annars vegar og heimildar viðkomandi opinbers aðila til að synja aðgangi að þeim gögnum hins vegar. Samkvæmt lögnum er réttur almennings til aðgangs að upplýsingum ekki fortaklaus og er ráð fyrir því gert að sumar upplýsingar og gögn geti verið undanskilin skyldu opinberra aðila til upplýsinga, svo sem málefni tengd starfsmönnum, einkaaðilum o.fl. Meðal þeirra atriða sem takmarkar rétt almennings til upplýsinga er réttur einkaaðila til trúnaðar eins og kveðið er á um m.a. í 9. gr. laganna. Oft kann að vera erfitt að meta, hvenær hagsmunir einkaaðila séu þessa eðlis. Það hefur hins vegar verið talið réttlætanlegt að takmarka aðgang að upplýsingum á grundvelli þessarar greinar með hliðsjón af því, að óheftur aðgangur að upplýsingum kunni að brjóta gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti einstakra aðila. Því þurfa opinberir aðilar sífellt að veita saman hagsmunum einstakra lögaðila af því að halda upplýsingum leyndum gagnvart þeim mikilvægu hagsmunum að upplýsingar um ráðstöfun opinberra fjármuna séu aðgengilegar almenningi.

Með frumvarpi því sem lagt hefur verið fram sem mál 272 á yfirstandandi þingi, verða opinberir aðilar sviptir þessu hagsmunamati að verulegu leyti. Afleiðingar þessa kunna að verða þær, að með því að skylda opinbera aðila til að birta nánar tilgreindar upplýsingar að eigin frumkvæði og umfram skyldu þeirra til að veita þessar upplýsingar sé sérstaklega eftir þeim leitað, muni það leiða til verri kjara og jafnvel lakari stöðu fyrir opinbera aðila í einstaka tilvikum og því kostnaðarauka. Má þar t.d. nefna að LSH nýtur ákveðinna aukinna kjara vegna trúnaðar við viðkomandi birgja, sem felst í því að LSH hafi ekki forgöngu um að opinbera umrædd kjör. Hafa verður í huga, að um fjármál opinberra aðila gilda nú þegar mjög strangar reglur. Allar opinberar stofnanir þurfa að byggja á nákvæmum kostnaðaráætlunum sem lagðar eru fyrir fjármálaráðuneyti við gerð fjárlaga. Þá sæta þessar stofnanir ítarlegu eftirliti fjársýslu ríkisins og ríkisendurskoðunar með því hvernig með fjármuni ríkisins er farið. Þá má geta þess að í gildi eru strangar reglur um með hvaða hætti innkaupum er háttað og ekki verður séð annað en að samkeppni á vörumarkaði veiti opinberum stofnunum töluvert aðhald. Ekki verður séð að framlagt frumvarp bæti neinu þar við.

Samkvæmt frumvarpinu er það yfirlýst markmið þess að auka aðhald og draga úr kostnaði. Hvað sparnað varðar er það mat LSH að verði frumvarp þetta að lögum muni það hafa þó nokkurn kostnaðarauka í för með sér. Töluvert skortir á að ljóst sé skv. frumvarpinu hversu ítarlegar upplýsingar á að birta og hversu nákvæmrar sundurliðunar gagna er krafist. Þegar til þess er litið, að u.þ.b. 100.000 gjaldareikningar fara í gegnum fjárhagskefi Landspítala á hverju ári, er ljóst gera verður töluverðar breytingar á því bókhaldskerfi sem spítalanum er gert að nota. Nauðsynlegt er að þær lausnir miði að því að aðgangur að þessum upplýsingum verði sem mest sjálfvirkur. Lausnir munu því snúa að hugbúnaðar- og tölvukerfum með sjálfvirkri upplýsingaöflun og samræmingu á framsetningu sem markmið. Vegna þess hversu óskýr markmið frumvarpsins eru varðandi m.a. sundurliðun upplýsinga er óljóst hversu viðamiklar



breytingar þurfi að gera á núverandi kerfum. Það er því útilokað að áætla þennan kostnað, en hann mun verða töluverður. Þá er fyrirsjáanlegt að jafnvel þó unnt verði að ná ákveðinni sjálfvirkni í gagnaöflun, þurfi starfsmenn LSH að verja í verkefnið verulega auknum tíma umfram venjubundin störf s.s. við eftirlit með að rétt hafi verið skráð í þau kerfi sem halda utan um upplýsingar og framsetningu þeirra sem aftur mun leiða til töluverðrar aukningar í launakostnaði. Að mati LSH er hætt við að rammi og ferli þessa upplýsingaverkefnis verði skref aftur á bak fremur áfram.

Að því er varðar aukið aðhald fær Landspítalinn ekki séð að frumvarpið auki neitt við það aðhald sem þegar er til staðar gagnvart opinberum stofnunum og áður hefur veið lýst. Þó upplýsingar séu ekki birtar á heimasíðu LSH, eða annarra opinberra stofnana í hverjum mánuði jafngildir það á engan hátt að verið sé að halda umræddum upplýsingum leyndum eins og höfundar frumvarpsins virðast ganga út frá.

Að lokum vill LSH benda á að í mars á þessu ári skilaði sérstakur hópur sem fjármálaráðherra skipað sl. haust skýrslu um hvernig efla mætti samstarf opinberra aðila og einkamarkaðar og um leið gera það árangursríkara.

Helstu niðurstöður hópsins voru dregnar saman í eftirfarandi punkta:

- Gera langtímaáætlanir í innkaupum og tengja við framkvæmd fjárlaga.
- Ríkið beiti innkaupaaðferðum með markvissari hætti t.d. með sameiginlegum innkaupum, örútböðum og fækkun birgja.
- Bæta þurfi upplýsingakerfi svo að ríkið hafi yfirsýn yfir innkaup sín og geti sett sér markmið um hagræðingu.
- Búa þurfi til hvatakerfi fyrir stofnanir og birgja/seljendur.
- Mikilvægt sé að leigugreiðslur endurspegli markaðsleigu á hverjum tíma og að stofnanir hafi hag af því að hagræða í húsnæðismálum sínum.

Skýrslu hópsins má finna í heild hér;

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2015/2015-03-19-Nyjar-aherslur-i-innkaupum.pdf>

Landspítali leggur því áherslu á að nærtækara væri að leggja fyrirsjáanlegan kostnaðarauka af umræddu frumvarpi í að hrinda í framkvæmd tillögum starfshóps fjármálaráðuneytisins enda megi þannig ná sama ef ekki betri árangri með einfaldari og mun minna íþyngjandi aðgerðum en þeim sem nefnt frumvarp kemur til með að hafa í för með sér.

Reykjavík 28. maí 2015

Fh. Landspítala,

Baldvin Hafsteinsson hrl.
Lögfræðideild Landspítala
Skrifstofu forstjóra
Eiríksgötu 5, 101 Rvk.